

# Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 16. apríl 2015 kl. 20:00.

## Fundargerð

1. Formaður félagsins Guðmundur Kr. Jónsson setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

Áður en gengið var til dagskrár minntist formaðurinn þeirra Árna Guðfinnssonar, Einars Öder Magnússonar og Hafsteins Þorvaldssonar sem létust á starfsárinu.

2. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Kr. Ingvason og Gissur Jónsson til vara.
3. Fundarritarar voru kosin Viktor S. Pálsson og Hróðný Hanna Hauksdóttir.
4. Í kjörbréfanefnd voru kosin Sveinbjörn Másson, Ingunn Guðjónsdóttir og Sveinn Jónsson.
5. Sigríður Jónsdóttir ritari ÍSÍ og formaður þróunar og fræðsluviðs ÍSÍ afhenti viðurkenningu til fulltrúa frjálsíþróttá-, knattspyrnu- og taekwondodeilda vegna fyrirmyndarfélags ÍSÍ.
6. Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram og samþykkt.
7. Formaður flutti ársskýrslu félagsins. Hann byrjaði á að þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi félagsins, bæði starfsmönnum, þjálfurum og foreldrum fyrir góð störf. Því næst fór hann yfir starf síðastliðins árs, nefndi hann sérstaklega þjálfararáðstefnu sem félagið stóð fyrir í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg. Nefndi hann að bæta þyrfti aðstöðu hjá deildum félagsins og þótt vel hefði verið gert á síðastliðnum árum þyrfti að bæta við, bæði félags- og keppnisástöðu fyrir fimleika- og handknattleiksdeildina. Gat hann þess að koma þyrfti upp íþróttamiðstöð á vallarsvæðinu fyrir allar deildir félagsins og fara þurfi í viðræður við bæjaryfirvöld um framtíðaruppbyggingu vegna aðstöðu félagsins.

Formaðurinn fór yfir rekstur félagsins og sagði að stór hluti af tekjum félagsins er tilkominn vegna þjónustusamnings við sveitarfélagið og endurnýja þyrfti samninginn innan tíðar.

Formaðurinn taldi nauðsynlegt að efla meistaraflokka félagsins.

8. Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, fór yfir helstu tölur í ársreikningi félagsins.
9. Sveinbjörn Másson lagði fram álit kjörbréfanefndar og fór yfir mætingu fulltrúa. Mættir voru 50 af þeim 51 fulltrúum sem áttu rétt til setu á fundinum.
10. Umræður um skýrslu formanns og ársreikninga félagsins.

Reikningar félagsins voru lagðir fram og voru þeir samþykktir samhljóða.

11. Ávörp gesta.

Fyrst tók til máls formaður HSK Guðríður Aadnegard og fór hún yfir helstu þætti í starfsemi félagsins. Hún fór yfir vinnu vegna breytinga sem fyrirhugaðar eru á landsmótum UMFÍ, sem og fyrirhugað þing þess. Greindi hún frá ályktun og tillögum sem fyrirhugað er að ræða á þinginu er snúa að styrkjum til afreksmanna hérlendis. Hún sagði að standa þurfi vörð um þá fjármuni sem renna til íþróttamálefna frá ríkinu og auka þurfi verulega við fjármagn til starfseminnar. Lagði hún til að hér á Selfossi yrði byggður upp þjóðarleikvangur fyrir frjálsíþróttir, enda væri reynsla að mótahaldi mikil og aðstaða til fyrirmyndar og eftirsóknarverð.

Næst tók til máls Kjartan Björnsson, forseti bæjarstjórnar. Flutti hann kveðjur frá bæjarstjórn sveitarfélagsins og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa bæjarins. Kjartan gat þess að ánægjulegt væri að fylgjast með starfsemi félagsins og þess góða starfs sem þar fari fram. Taldi hann að aðstaða félagsins væri á réttri leið, en að bæta þyrfti við. Kjartan sagði að félagið hefði lagt fram áherslur sínar varðandi uppbyggingu fyrir næstu 10 ár, en ekki hefði komið fram forgangsröðun í þeim gögnum sem komu frá félaginu. Kalla þyrfti alla þá aðila sem koma að íþrótt- og æskulýðsstarfi í sveitarfélaginu saman og ræða um hvernig forgangsraða eigi uppbyggingu fyrir slíka starfsemi í sveitarfélaginu. Nefndi hann að sveitarfélagið hefði nú þegar sent erindi þess efnis að sveitarfélagið væri tilbúið að taka að hýsa þjóðarleikvang fyrir frjálsíþróttir og fylgja þyrfti því máli eftir.

Því næst kvaddi sér til hljóðs Kristinn M. Bárðarson fyrir hönd muna- og minjanefndar og afhenti formanni Umf. Selfoss innbundnar bækur með fundargerðarbók 75 ára afmælisnefndar sem og innbundnar ársskýrslur félagsins frá 1990 til 2013. Formaður félagsins þakkaði nefndinni sérstaklega fyrir störf sín.

12. Formaður félagsins gerði grein fyrir tillögum sem lágu fyrir fundinn.

**Tillaga 1**

*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 þakkar*

- *þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu meðal annars með þátttöku í starfinu og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.*
- *stuðningsaðilum, fyrirtækjum, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.*
- *Sveitarfélaginu Árborg fyrir veittan stuðning við starfsemi félagsins.*

**Tillaga 2**

*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 fagnar góðum árangri í uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu á undanförunum árum.*

*Aðstaðan á Selfossi og samnýting íþrótt- og skólahúsnæðis er að mörgu leyti til fyrirmyndar og vekur aðdáun gesta sem sækja íþróttaviðburði á Selfossi.*

*Skorað er á sveitarfélagið að vinna að áframhaldandi uppbyggingu íþróttamannvirkja með markvissri áætlunargerð, í góðu samstarfi við Umf. Selfoss.*

**Tillaga 3**

*Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 hvetur aðildarfélaga sína til að fjölmenna á Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri sem haldið verður 1.-3. ágúst 2015 sem*

og Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður á Blönduósi 26.-28. júní 2015, keppendur jafnt sem aðstandendur.

#### **Tillaga 4**

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 samþykkir að vinna áfram að forvörnum gegn vímuefnanotkun hjá iðkendum innan félagsins, hvort sem um ræðir tóbak, áfengi, stera eða aðra vímugjafa með virkum fræðslum og kynningum. Einnig að stuðla að því að virðing sé borin fyrir því banni, bæði af íþróttafólki og gestum á heimavelli félagsins, og hvort sem farið er með íþróttafólk til keppni hér heima eða erlendis.

#### **Tillaga 5**

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 samþykkir að árgjald félagsins fyrir árið 2015 verði kr. 3.000 .

#### **Tillaga 6**

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 hvetur Sveitarfélagið Árborg, í samvinnu við Umf. Selfoss, til að móta sér stefnu um fjárhagsstuðning við afreksstarf meistaraflokka félagsins eins og gert er í mörgum sveitarfélögum.

#### **Tillaga 7**

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015, hvetur þjálfara og stjórnarmenn allra deilda til að fjölmenna á þjálfararáðstefnu í Árborg sem haldin verður á Selfossi í haust.

#### **Tillaga 8**

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl 2015 fagnar auknum áhuga á almenningsíþróttum og lýsir yfir áhuga sínum að styðja við bakið á almenningsíþróttum.

#### **Tillaga 9**

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 16. apríl felur framkvæmdastjórn að kanna möguleika á árlegri útgáfu á Braga þar sem starfi félagsins verði gerð góð skil í máli og myndum ásamt því að innihalda ársskýrslu félagsins. Lagt er til að skipa ritnefnd fyrir lok maí 2015.

#### 13. Verðlaunaafhending.

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu eftirfarandi viðurkenningar:

- Sveinn Jónsson fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.
- Knattspyrnudeild Umf. Selfoss fékk afhentan UMFÍ bikarinn sem deild ársins fyrir frábæran árangur meistaraflokks kvenna.
- Guðmunda Brynja Óladóttir var valin íþróttakona Umf. Selfoss 2014.
- Daníel Jens Pétursson var valinn íþróttakarll Umf. Selfoss 2014.

Kaffihlé.

#### 14. Umræður og afgreiðsla tillagna.

Tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar samhljóða.

15. Lagabreytingar.  
Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinn.
16. Gissur Jónsson lagði fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar. Fjárhagsáætlanir deilda hafa þegar verið samþykktar á aðalfundum deildanna og voru þær staðfestar á fundinum.

Fjárhagsáætlun aðalstjórnar var samþykkt samhljóða.

17. Stjórnarkjör.

Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:

Formaður: Guðmundur Kr. Jónsson

Gjaldkeri: Sverrir Einarson

Ritari: Viktor Stefán Pálsson

Meðstjórnendur: Hjalti Þorvarðarson og Jóhann Helgi Konráðsson

Eftirfarandi tillaga um tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara var samþykkt samhljóða:

Brynja Hjálmtýsdóttir og Kristín Traustadóttir.

Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

Eftirfarandi tillaga um skipan jólasveina- og þrettándanefndar, sem borin var upp af Gissuri Jónssyni, var samþykkt:

Svanur Ingvarsson, Þröstur Ingvarsson, Guðmundur Kr. Ingvarsson og Þórarinn Ingólfsson.

18. Önnur mál.

Gestur Einarsson tók til máls og hrósaði hann deildum félagsins fyrir góð störf og hvatti félagið að skoða hvort hægt væri að koma upp fyrirkomulagi þannig að börn geti stundað æfingar hjá öllum deildum gegn einu gjaldi. Mikilvægt væri að allir finndu eitthvað við hæfi.

Gissur Jónsson tók til máls og sagði félagið þegar byrjað að skoða hugmyndir í þessa veru. Hann hefði ásamt öðrum fulltrúum í starfshópi á vegum sveitarfélagsins farið og kynnt sér sambærilega starfsemi hjá öðrum sveitar- og íþróttafélögum. Verið sé að skoða samfelldan skólalag í þessu samhengi, þar sem æfingar verði felldar saman við skólastarf.

Hann þakkaði þeim Hróðnýju Hauksdóttur, Halli Halldórssyni og Sveini Jónssyni sem hverfa úr framkvæmastjórninni sem og þeim aðilum sem eru að hætta í aðalstjórn félagsins. Hann kvað starfið í miklum blóma. Að lokum þakkaði hann fundarmönnum fyrir fundinn.

Að síðustu tók formaður félagsins til máls og þakkaði fyrir það traust sem honum hafi verið sýnt með kosningunni. Hann þakkaði héraðsblöðum og útvarpi Suðurlands fyrir að koma fréttum og upplýsingum um starf félagsins á framfæri. Kvað hann samstarfið mjög gott og óvíða væri umfjöllun jafn góð og hún væri hér. Formaðurinn minntist á nýjan búningasamning og kvatti hann félagsmenn að sýna réttann lit og klæðast búningum félagsins við öll tækifæri, slíkt væri ómetanlegt til að byggja upp félagsandann.

Því næst boðaði hann fyrsta fund nýrrar aðalstjórnar sem haldinn verður þann 6. maí nk.

Því næst kallaði hann þau Hróðný Hauksdóttur og Svein Jónsson upp og þakkaði þeim fyrir góð störf fyrir félagið og leysti þau út með blómum og merki félagsins. Jafnframt þakkaði hann Halli Halldórssyni fyrir sín störf en hann var staddur erlendis.

Að lokum þakkaði hann fundarmönnum fyrir ánægjulegan fund.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum sömuleiðis fyrir góðan fund, sunddeildinni fyrir góðar veitingar og óskaði nýrri stjórn árnaðar í störfum sínum fyrir félagið.

Fundi slitið kl. 22.20.

Viktor Stefán Pálsson/Hróðný Hanna Hauksdóttir.